

**Nd.**

**306. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915 (Landhelgis-  
sjóður Íslands).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin getur fallist á frumvarpið, þar sem hún sjer ekki aðra leið til að fullnægt verði hinni brýnustu strandvarnarpörf á næstu árum, og þar sem tekjur landhelgissjóðs væntanlega aukast að mun við það, að sektir verða greiddar í gullkrónum. Þó ætlast nefndin til, að önnur skipun, er tryggir betur vöxt og viðgang sjóðsins, verði gerð í þessum efnum, þegar greiðist úr fyrir ríkissjóði.

Leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofeldri

**BREYTINGU :**

Síðari málsliður 1. gr. orðist svo:

Þó getur fjárveitingarvaldið ákveðið, að af árlegu sektarfje og vöxtum sjóðsins skuli varið til þess að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum alt að jöfnu tillagi móti því, sem ríkissjóður leggur til.

Alþingi, 4. apríl 1924.

Aug. Flygenring,  
form.

Ásgeir Ásgeirsson,  
frsm.

Björn Línadal,  
fundaskrifari.

Jón Baldvinsson,  
með fyrirvara.

Sigurjón Jónsson.